

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2020, mánudaginn 18. maí, var haldinn 5. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 17.05. Fundinn sat Freyr Gústavsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Björn Ingi Björnsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Sólveig Ingibjörg Reynisdóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. apríl 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.
2. Fram fer kynning á félagsauði og forvörnum í hverfinu.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið þakkar fyrir góða kynningu og umræður.

Trausti Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals:

Lagt er til að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema í hverfinu sumarið 2020. Verkefnið getur verið hvort í senn atvinnuskapandi fyrir ungmenni á komandi sumri auk þess sem um uppbyggilega og jákvæða iðju væri að ræða fyrir börnin í hverfinu. Lagt er til að íþrótt- og tómstundasviði eða skóla- og frístundasviði verði falið að koma verkefninu á fót, hugsanlega í samstarfi við forsvarsmenn annars frístundastarfs í hverfinu.

Samþykkt.

4. Lögð fram tillaga borgarstjóra dags. 28. apríl 2020 sem samþykkt var í borgarráði sbr. 23. lið fundargerðar ráðsins 30. apríl 2020. Í tillögunni er íbúaráðum borgarinnar veittar 30 milljónum kr. til að úthluta til verkefna sem hafa það að markmiði að efla hverfisanda, mannlíf og menningu sumarið 2020.
- 17.45. Sigrún Guðjohnsen tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
5. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjórnar og borgarritara dags 6. mars við fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um um úthlutaðar en óbyggðar lóðir í hverfinu, sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins 20. janúar 2020.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Víða um hverfið er óboðlegur frágangur og umgengni á og umhverfis lóðir ýmist í eigu einkaaðila eða borgarinnar. Íbúaráðið leggur til að farið verði í tafarlausa úttekt á stöðu mála og að gripið verði til átaks í umgengnismálum. Þá er borgarráð hvatt til þess að kanna möguleikann á að ráðstafa óseldum lóðum undir sérbyli í eldri hluta Úlfarsárdals til búsetufélaga eða leigufélaga í óhagnaðardrifinni starfsemi svo flýta megi uppbyggingu og frágangi hverfisins auk þess sem tækifæri eru til að byggja hagkvæmt húsnæði fyrir stærri fjölskyldur í borginni.

6. Fram fer umræða um jarðvegsfok í hverfinu.

7. Lagt fram bréf stýrihóps um innleiðingu íbúaráða dags. 18. febrúar 2020 um tillögu Flokks fólksins um að íbúaráðin finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra.
8. Lagt fram svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 5. mars 2020 við fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um aðgang að lokaskýrslum vegna styrkja úr hverfissjóði
9. Fram fer umræða um sumarleyfi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals.
10. Lögð fram verkáætlun Reykjavíkurborgar ódags. vegna vorhreinsunar á götum og gönguleiðum í hverfinu.
11. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
12. Lagt fram yfirlit umsókna 2019 í hverfissjóð í Grafarholti og Úlfarsárdal. Þessi liður fundarins er lokaður.
13. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Undanfarna mánuði hefur borið á verulegu jarðvegsfoki um hverfið frá framkvæmdasvæði við Leirtjörn með tilheyrandi óþrifnaði og óþægindum fyrir íbúa. Hvaða ráðstafana er mögulegt að grípa til svo koma megi í veg fyrir áframhaldandi jarðvegsfok og hvenær má gera ráð fyrir að frágangi á svæðinu ljúki á þann hátt að ekki verði áframhaldandi jarðvegsfok þaðan?

Fundi slitið kl. 18:31

Freyr Gústavsson

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Eyjólfur Eyjólfsson

Björn Ingi Björnsson
Sigrún Guðjohnsen